

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis.

b.t. atvinnuveganefndar.

Kópavogur 30.04.2015

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða á makríl, 691. mál, þingskjal 1165.

Undirritaður, Atli Hermannsson, er eigandi krókabáts með skipaskrárnúmerið 7126. Bátinn endurbyggði ég á síðasta ári og útbjó sérstaklega til krókaveiða á makríl. Það gerði ég í trausti þess að réttlátari og nútímalegri aðferðir yrðu teknar upp við úthlutun á veiðiheimildum í makríl, aðrar en þær umdeildu aðferðir sem við þekkjum úr kvótakerfinu. Eitt augnablik hélt ég að með tilkomu þessa nýja nytjastofns hefðum við lært af biturri reynslu fyrri ára og að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar yrði jafnvel höfð til hliðsjónar við úthlutun.

Þau rök sem alla jafna liggja að baki þeirri ákvörðun að tiltekinn fiskstofn skuli vera kvótastýrður eru þau að með því sé verið að koma í veg fyrir ofveiði og að það stuðli að uppbyggingu stofnsins, sé talin þörf á því. Þetta eru rökin sem notuð voru fyrir upptöku á kvótakerfinu á sínum tíma. En samkvæmt gögnum frá Hafrannsóknarstofnun er talið að a.m.k. 1.500 þúsund tonn af makríl hafi verið innan landhelginnar í fyrrasumar þegar krókaveiðar smábáta voru stöðvaðar.

Því er fráleitt að ætla að líf- eða vistfræðileg rök liggja að baki þeirri ákvörðun að kvótasetja beri vistvænar krókaveiðar smábáta, sem aðeins ná til 0,5% af heildarstofninum. Þar fyrir utan hefur makrillinn verið kallaður engispretta hafsins og því verið haldið fram að afrakstri annarra nytjastofna geti stafað hætta af honum. Engin rök mæla með því að makrílveiðar smábáta séu kvótasettar, heldur þvert á móti.

Hvað ef t.d. Steingrímsfjörður á ströndum fylltist af makríl líkt og gerðist árið 2013. Aðeins þrjú heimabátar hafa einhverja veiðireynslu; en samtals átta bátar frá Hólmavík og Drangnesi sem fjárfest hafa í makrílúnaði og hófu veiðar á síðasta ári munu þurfa að horfa aðgerðarlausir á ef frumvarpið verður samþykkt.

Hvað ef eigandi útgerðar sem úthlutað hefur verið veiðiheimildum ákveður að hefja ekki veiðar vegna lækkandi verðs á makríl og hækkandi veiðileyfagjalds. Hverjum mun það gagnast?

Þörf í þágu hverra?

Þegar tillögur ríkisstjórnarinnar vaðandi smábátaflotann eru skoðaðar kemur í ljós að hygla á sérstaklega eigendum nokkurra smábáta sem fyrstir hófu veiðarnar árin 2009 - 2012. Þeim verður umbunað með 43% vægi umfram alla þá sem á eftir komu. Þetta er rökstutt þannig að á þeim tíma hafi staðið yfir ákveðin *þróun á veiðitækni og veiðarfærum*, sem þeir sem á eftir komu hafi notið góðs af. Þetta er svo mikill þvættingur að orðalagið eitt getur valdið velgju.

Ég hef sjálfur tekið þátt í að smíða makrílbúnað í nokkra báta og get því staðfest að útfærsla á umræddum búnaði er sótt til frænda okkar Norðmanna, sem í áraraðir hafa notað sams konar búnað með ágætis árangri. Það er m.ö.o. nákvæmlega engin íslensk þróun á bak við þennan búnað eins og sagt er.

Af rúmlega 100 makrílbátum hafa aðeins þeir sem að eigin sögn þróuðu veiðitæknina beitt sér fyrir kvótasetningu smábáta á makríl. Sá sem harðast hefur beitt sér heitir Davíð Freyr Jónsson, eigandi Fjólu GK 121. Svo skemmtilega vill til að hann er einn “besti vinur aðal” og mun fá í sinn hlut rúmlega þrisvar sinnum meiri kvóta en hann veiddi á síðasta ári. Þess má einngi geta að nokkrir útgerðarmenn eru sagðir hafa sýnt þá *fyrirhyggju* að landa miklu magni af sjó sem makríl til að skapa sér meiri veiðireynslu

Ég mun ekki sætta mig við þessar trakteringar.

Þessi ósvinna er að mínu mati þjóðinni ekki samboðin. Ef sá hluti lagafrumvarpsins sem snýr að smábátaflotanum verður samþykktur á Alþingi, er það von mín að forseti þjóðarinnar Hr. Ólafur, muni synja lögunum staðfestingu og vísi málinu í dóm kjósenda. Ef það er eitthvað sem Íslendingar ættu sjálfir að fá tækifæri til að tjá sína skoðun á, eru það frumvörp um okkar grundvallaratvinnuveg. Framtíðin býr í vistvænum veiðum, þær eru ekki aðeins heilbrigðar fyrir náttúruna heldur færa þær líf í hagkerfið í gegnum þann fjölda starfa sem þær skapa.

Virðingarfyllst. Atli Hermannsson. Kt. 201156-3359